

# Upplýsingafundur rektors

2. desember 2021

Jón Atli Benediktsson, rektor



# Dagskrá

I. Efst á baugi

II. Viðurkenningar til starfsfólks

# 110 ára afmælisfagnaður starfsfólks í Hörpu




“Háskólinn rís upp af hæðinni...”
HÍ


Afmælishátíð
Háskóla Íslands
1911 – 2021
HÍ

# Kennsluakademíu opinberu háskólanna hrint af stokkunum




HÍ
Halla Jónsdóttir ráðin nýr endurmenntunarstjóri

# Hátíð brautskráðra doktora 1. des.



# Málþing um framtíð nýsköpunar 10. nóvember




HÍ

# Hvatningarverðlaun jafnréttismála veitt 30. nóv.




HÍ
Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
nýr vísinda-, iðnaðar- og
nýsköpunarráðherra

# Fjármál



# Fjárlagafrumvarp fyrir 2022

- Fljótt á litið virðist skólinn vera í svipaðri stöðu á milli ára
- Stór hluti hækkana er vegna verðlagsuppfærslu (734 m.kr.)
- Fjárveitingar vegna fjölgunar nemenda eru ekki staðfestar (fyrirvari ráðuneytis)
- Framlög vegna brautskráninga hækka um 136 m.kr.
- Á móti kemur 180 m.kr. hagræðingarkrafa
- Háskóli Íslands fær að stofna félag utan um sprotafyrirtæki
- Ánægjulegt að fjármálaráðherra hefur heimild vegna kaupa á Hótel Sögu

| **Fjárlög  2022** | **m.kr.** |
|---|---|
| | |
| Nýtt fé í frumvarpi til fjárlaga: | |
| Háskóli Íslands | |
| Framlag vegna fjölgunar nemenda (tímabundið) | 243,6 |
| Hækkun framlaga vegna brautskráninga | 136,0 |
| Tímabundið lækkun vegna ferðakostnaðar gengur til baka | 219,7 |
| Hagræðingarkrafa - markmið um aðhald í ríkisútgjöldum | -180,8 |
| | **418,5** |
| | |
| Launa- og verðlagsbætur | 734,1 |
| | |
| **HÍ frumvarp til fjárlaga samtals:** | **1.152,6** |



# Hótel Saga



Gamli garður

# Öryggismál í brennidepli



- Fyrsta öryggisþing HÍ haldið 2. nóvember sl.
- Öryggismál í brennidepli í HÍ
    - COVID-19 faraldurinn. Viðbragðsáætlun tilbúin á hárréttum tíma
    - Annað álagspróf var vatnstjón í byggingum HÍ í ársbyrjun
- Öryggismál eru víðfeðmur málaflokkur og öryggi getur verið ógnað með margvíslegum hætti





- Fram undan er að efla öryggismenningu innan HÍ
- Í því felst m.a. að auka fræðslu um öryggis- og vinnuverndarmál og samræma framkvæmd öryggisstefnu innan HÍ
- Sjá öryggisvef HÍ: oryggi.is



# Vatnstjón í byrjun árs – hvað hefur tafið?

- Vandasamt verkefni að meta svo gífurlegt tjón
- Fyrir liggja tvær skýrslur um **orsök** tjónsins, þ.e. skýrsla Veitna um atvikalýsingu og matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna um vatnslekann




HÍ

# Vatnstjón – næstu skref

- Beðið er eftir sérfræðilegri álitsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna um **fjárhagslegt umfang** tjónsins
- Lögmaður HÍ ræður frá því að framkvæmdir verði hafnar áður en álitsgerðin liggur fyrir svo HÍ veiki ekki sönnunarstöðuna
- Samhliða er unnið að undirbúningi stefnu svo HÍ geti höfðað dómsmál og farið í framkvæmdir þegar álitsgerðin liggur fyrir




# Háskólaþing haldið 11. nóvember sl.

# HÁSKÓLASVÆÐIÐ

## Samvinnuverkefni Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar um heildarsýn fyrir háskólasvæðið og samþættingu þess við Borgarlínu





## Markmið og áherslur

- Skapa metnaðarfullan og heilstreyptan skipulagsramma
- Efla tengingar
- Bæta stígakerfi
- Skapa aðlaðandi og blandað borgarumhverfi með fólk í forgrunni
- Draga fram það besta í umhverfinu og taka um leið mið af staðaranda og sögu HÍ

# Markmið og áherslur

- Draga fram séreinkenni HÍ sem heilbrigðs háskólasvæðis við friðland Vatnsmýrar
- Þétta byggð á völdum stöðum og gera almenningsrýminu hátt undir höfði á öðrum
- Leiða Borgarlínu um háskólasvæðið, draga úr vægi einkabílsins og bjóða fjölbreytta valkosti og innviði fyrir græna samgöngumáta
- Efla miðlægt hjarta háskólasamfélagsins og jafnramt skapa skjólgóð og aðlaðandi dvalarsvæði sem glæða háskólasvæðið lífi



# Samgöngu- og bílastæðamál

- Mikil uppbygging á Vatnsmýrarsvæðinu – Vísindagarðar, flutningur Menntavísindasviðs, Landspítali/Heilbrigðisvísindasvið, Alvotech o.fl.
- Veruleg aukning umferðar: Spáð er fjölgun daglegra ferða um svæðið úr 24 þús. (2018) í 45 þús. (2025)
- Margvíslegar lausnir í farvatninu, m.a. gjaldtaka fyrir bílastæði, áhersla á vistvæna samgöngumáta (rafbíla, deilibíla, deilihjól, hjólaskýli, bætta aðstöðu fyrir hjólreiðafólk, rafskútur, samstarf við strætó um árskort fyrir starfsfólk og nemendur, samgöngusamningur o.fl.)

11. nóvember 2021

# Háskóli Íslands og Borgarlínan




Borgarlínan Vegagerðin BETRI SAMGÖNGUR

# Nýtt leiðarnet

Góðar tengingar HÍ með Borgarlínu við allt höfuðborgar-svæðið

Borgarlínuvagnar munu aka í úthverfi í almennri umferð (punktalínur)



# Aksturleið og stöðvar

Frumdrög gera ráð fyrir 3 stöðvum.

Nú er unnið að útfærslum á svæðinu sem yfirfærast á aðra hluta Borgarlínu.

Fjöldi og staðsetning stöðva ásamt útfærslu gatnamóta hluti af þeirri vinnu sem er í gangi






# Ferðatími

| Stofnleiðir — Virkir dagar | | |
|---|---|---|
| **Frá** | **Til** | **Tíðni** |
| 06:00 | 07:00 | 10 mín |
| 07:00 | 09:00 | 7 mín |
| 09:00 | 14:30 | 15 mín |
| 14:30 | 18:00 | 7 mín |
| 18:00 | 21:00 | 15 mín |
| 21:00 | 01:00 | 20 mín |

| Almennar leiðir — Virkir dagar | | |
|---|---|---|
| **Frá** | **Til** | **Tíðni** |
| 06:00 | 07:00 | 15 mín |
| 07:00 | 09:00 | 15 mín |
| 09:00 | 14:30 | 15 mín |
| 14:30 | 18:00 | 15 mín |
| 18:00 | 21:00 | 15 mín |
| 21:00 | 01:00 | 30 mín |

Tafla A.1 Tíðni leiða á virkum dögum miðað við grunnsviðsmynd í Áfangaskýrslu um *Nýtt leiðanet*

Mynd A.7 Nýtt leiðanet (skv. stöðu leiðanetsvinnu í september 2020)



# Stofnunarúttekt á Háskóla Íslands



# Meginniðurstöður

- Traustsyfirlýsing um gæði prófgráða:

  Úttektarhópurinn ber **traust** til núverandi starfshátta og getu Háskóla Íslands til að tryggja gæði þeirra gráða sem hann veiti, í nútíð og til nánustu framtíðar

- Traustsyfirlýsing um gæði námsumhverfis:

  Úttektarhópurinn ber **traust** til starfshátta og getu Háskóla Íslands til að tryggja gæði þess námsumhverfis sem hann býður nemendum sínum, í nútíð og til nánustu framtíðar



# Næstu skref

- Ytri matsskýrslan dregur fram helstu styrkleika Háskóla Íslands
- Skýrslan geymir jafnframt gagnlegar ábendingar um tækifæri til úrbóta
- Farið verður vandlega yfir ábendingar í skýrslunni
- HÍ26 er í innleiðingu undir forystu aðstoðarrektors kennslumála og þróunar
- Breytingar í kjölfar ytra matsins verða hluti af innleiðingarferlinu





# Innleiðing HÍ26

STEFNA 2021-2026

HÍ

## Opinn og alþjóðlegur

**ÞVERFAGLEGT STARF**
Umgjörð starfsins styðji í hvívetna við þverfaglegt samstarf í kennslu, rannsóknum og öllu starfi skólans

**ALÞJÓÐATENGSL**
Sameiginlegum námsleiðum með erlendum háskólum verði fjölgað, tækifæri til skiptináms aukin og stutt við alþjóðlegt rannsóknasamstarf

**NÝSKÖPUN OG FRAMFARIR**
Umhverfi nýsköpunar nemenda og rannsakenda verði eflt í samstarfi við Vísindagarða, atvinnulíf og samfélag. Stuðlað verði að eflingu íslenskunnar í heimi breytinga

**STARFSHÆFNI NEMENDA**
Aðgengi að símenntun verði eflt og áhersla lögð á hæfni nemenda til að takast á við fjölbreytt störf og áskoranir í kvikum og tæknivæddum heimi

## Sjálfbærni og fjölbreytileiki

Háskólinn verði leiðandi á sviði sjálfbærni í krafti kennslu, rannsókna og þekkingarsköpunar

**SJÁLFBÆR STARFSEMI**
Skólinn verði í forystu í sjálfbærri starfsemi og setji sér mælanleg markmið á sviði kolefnishlutleysis á stefnutímabilinu sem byggi á markmiðum Íslands í þeim málaflokki

**FJÖLBREYTT HÁSKÓLASAMFÉLAG**
Háskólinn verði enn betri vinnustaður sem tryggi jafnrétti og fjölbreyttan bakgrunn nemenda og starfsfólks. Stutt verði sérstaklega við nemendur af erlendum uppruna og áhersla lögð á fjölbreytileika nemendahópsins

**SAMSTARF VIÐ SAMFÉLAGIÐ**
Kortlagning á hagsmunaaðilum og áætlun og aukinn stuðningur við miðlun og samstarf, með áherslu á milliliðalaust samtal rannsakenda og samfélags til að bregðast við falsfréttum, auka traust á vísindum og undirbyggja opinbera stefnumótun

## Afl á grunni gæða

**NOTENDAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA**
Notendamiðuð þjónusta sem byggir á þörfum nemenda, starfsfólks og stjórnenda verði í forgrunni í starfsemi skólans með stafrænni umbreytingu

**GÆÐI NÁMS Í FYRIRRÚMI**
Kennsluhættir og námsframboð verði í sífelldri þróun og burðarstólpi í gæðastarfi skólans með námsánægju og gæði að leiðarljósi. Áhersla verði á þróun stafrænna kennsluhátta, fjarnáms og opinna netnámskeiða

**VANDAÐ FRAMHALDSNÁM**
Áhersla verði lögð á að styrkja umgjörð og fjármögnun doktorsnáms og að námsframboð á meistarastigi verði eflt

**FRAMÚRSKARANDI VÍSINDI**
Stuðningur við rannsakendur verði efldur með bættu aðgengi að styrkjum og rannsóknarinnviðum, sem og opnum og betri aðgangi að rannsóknagögnum og niðurstöðum

## Góður vinnustaður

**MANNAUÐUR OG STARFSGL**
Stuðlað verði að hvetjandi starfs-umhverfi með vellíðan nemenda og starfsfólks að leiðarljósi, sem laðar til sín metnaðarfullt fólk með fjölbreyttan bakgrunn. Stjórnun verði efld með stuðningi, styrkari umgjörð, fræðslu og þjálfun

**INNVIÐIR RANNSÓKNA OG KENNSLU**
Rannsóknainnviðir, aðstaða og húsnæði styðji við markmið um framþróun rannsókna og kennslu, svo og þverfræðilegt starf og gæði í starfsemi skólans

**FARSÆLT HÁSKÓLASVÆÐI**
Heildstæð sýn á skipulag háskólasvæðisins stuðli að jöfnu aðgengi og samheldnu þekkingarsamfélagi nemenda og starfsfólks af öllum fræðasviðum. Algild hönnun, vistvænar samgöngur og grænar tengingar verði í forgrunni

**FJÁRMÁL OG REKSTUR**
Fjármögnun, hagræði og skilvirkni í rekstri verði tryggð. Fjármögnun og launasetning endurspegli stefnu skólans

# Tveir straumar breytinga

Þróun starfsins byggir á tveimur meginþáttum

- Þróun starfseminnar: Gæðastarf og stöðugar umbætur á grundvelli markmiða stefnunnar, eins og skilgreint er í hefðbundnum áætlunum starfseininga
- Umbreyting starfseminnar: Nýjungar innleiddar í takt við megináherslur stefnu skólans, eins og skilgreint er í verkefnastofnum



# Tveir straumar breytinga

Opinn og alþjóðlegur

Sjálfbær og fjölbreytt

Afl á grunni gæða

Góður vinnustaður



# Verkefnastofnar

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Alþjóðlegt samstarf um kennslu | Mannauður, vinnustaðamenning og þróun stjórnunar | Notendamiðuð þjónusta og stafræn umbylting stjórnsýslu | Samfélagsleg nýsköpun, framfarir og starfshæfni nemenda | Samstarf við samfélag og margvíslegar leiðir til miðlunar |
| Sjálfbærniáherslur í kennslu, rannsóknum og rekstri skólans | Styrkjasókn, nýliðun í vísindum, opin vísindi og siðferði vísinda | Umgjörð, fjármögnun og gæði meistara- og doktorsnáms | Uppbygging rannsókna- og kennsluinnviða og þróun háskóla-svæðisins í heild | Upplýsingatækni í kennslu, námsframboð og fjölbreytileiki nemendahópsins |

Sjá nánar í innleiðingaráætlun á UGLU > Háskólinn > Stjórnskipulag > Stefna Háskóla Íslands
https://ugla.hi.is/kerfi/view/page.php?sid=2010

# Staða innleiðingar í desember 2021



# Helstu verkþættir innleiðingar á haustmisseri

September ´21 | Október ´21 | Nóvember ´21 | Desember ´21

**Undirbúningur innleiðingar**
- Umgjörð og umsjón
- Leiðbeiningar, sniðmát og stefnubókhald
- Samráð og undirbúningur fyrir þjálfun og stuðning við stjórnendur og ábyrgðaraðila verkefnastofna

**Kynningar og önnur miðlun**
- Almenn kynning
- Á fræðasviðum og í Stúdentaráði
- Stefnan sýnileg á vef HÍ, samfélagsmiðlum og í byggingum skólans

**Verkefnastofnar**
- Ræsing verkefnastofna – frekari útlistun verkefnastofna, mótun verkáætlana, stuðningur og þjálfun ábyrgðaraðila

**Innleiðing á fræðasviðum og í miðlægri stjórnsýslu**
- Gerð starfsáætlana (forgangsröðun verkefna m.t.t. stefnu). Stuðningur við innleiðingu og þjálfun stjórnenda

**Umgjörð og eftirfylgni**
- Mælikvarðar, skipulögð stjórnendaþjálfun, þróun stefnubókhalds og umgjarðar eftirfylgni, samræming við gæða- og úrbótakerfi

# Kynningar á stefnu á haustmisseri 2021

- Stefna aðgengileg á vef og í prenti á íslensku og ensku og innleiðingaráætlun á Uglu
- Stefna kynnt á opnum fundum rektors, í Stúdentaráði og ítrekað fyrir helstu stjórnendateymum. Einnig á samfélagsmiðlum og á upplýsingaskjám og skjáhvílum í HÍ
- Ítarleg kynningarmyndbönd aðgengileg á næstu dögum
- Rektor og aðstoðarrektor kynna fyrir stjórnum fræðasviða og á sviðsþingum allra fræðasviða
    - Mikill áhugi fræðasviðum á virkri aðkomu að innleiðingu verkefnastofna
    - Mikilvægt að nýta verkefni og þekkingu á fræðasviðum





# Mótun starfsáætlana í anda HÍ26

**Áætlanagerð á fræðasviðum og í miðlægri stjórnsýslu:** Allar einingar hafa notað markmið HÍ26 til að forgangsraða verkefnum og fjármunum við áætlanagerð fyrir 2022. Úthlutun úr Aldarafmælissjóði tekur mið af stefnubundinni forgangsröðun

**Verkefnastofnar:** Frekari mótun og útfærsla verkefnastofna er hafin af hálfu ábyrgðaraðila. Verkáætlanir í vinnslu – útfærslu verkþátta og forgangsröðun til eins árs, og samráð við fræðasvið. Verkáætlanir liggja fyrir í árslok



# Stuðningur og þjálfun stjórnenda á næstunni

**Hópamiðuð þjálfun og samhæfing**

- Ætluð stjórnendateymum miðlægt, á hverju fræðasviði og ábyrgðaraðilum verkefnastofna
  - Rektor og aðstoðarrektorar, sviðsforsetar og framkvæmdastjóri miðlægrar stjórnsýslu
  - Sviðsstjórar í miðlægri stjórnsýslu
  - Stjórnendateymi hvers fræðasviðs, þ.e. forseta, deildarforsetum, stefnufulltrúa og stjórnendum í stjórnsýslu sviða
  - Stjórnendateymum og lykilsérfræðingar í miðlægri stjórnsýslu
- Markmiðið með þjálfuninni er að styrkja stjórnendur í stefnu- og árangursmiðuðum stjórnarháttum og samhæfa nauðsynlegar áherslur í innleiðingarferli HÍ26
- Gert er ráð fyrir heilum degi í þjálfunina „off campus" í upphafi nýs árs

**Einstaklingsmiðaður stuðningur**

- Handleiðsla og markþjálfun. Jafnframt verður boðið upp á handleiðslu og einstaklingsmiðaða markþjálfun sem miðar að því að gefa stjórnendum tækifæri til samtals og stuðnings vegna einstakra viðfangsefna í innleiðingarferlinu
- Stuðningur við gerð verkáætlana verkefnastofna. Hverjum og einum ábyrgðaraðila er boðin aðstoð í desember og aftur í janúar við að útfæra verkáætlun fyrir 2022



# Umgjörð og eftirfylgni

**Stefnufulltrúar á fræðasviðum**. Hlutverk þeirra er að aðstoða við og hafa yfirsýn við innleiðingu stefnu HÍ26, eru fulltrúar forseta fræðasviða og aðstoða þá við að byggja upp og viðhalda stefnumiðuðum stjórnarháttum. Verða í virku samstarfi við miðlæga umsjón stefnuinnleiðingar. 40% starfshlutfall sem er fjármagnað sérsaklega. Hópurinn fær sérstaka þjálfun sem hefst í janúar 2022

**Startfé til fræðasviða** til þess að örva og auðvelda ráðstafanir sem gera þarf til þess að tryggja árangursríka innleiðingu. Framlagið u.þ.b. 100 milljónir sem er einskiptis kostnaður

**Rafrænt stefnubókhald í þróun** þar sem tengdar verða saman áætlanir vegna verkefnastofna, miðlægrar stjórnsýslu og fræðasviða, sem og framvindumælingar



# AURORA



# Heimsókn Anne-May Jansen, framkvæmdastjóra Aurora



# Aurora ráðstefna í Tarragona

- Undirritun marghliða samstarfssamnings sem gerir nemendum og starfsfólki kleift að stunda skiptinám og gestakennslu á flestum fræðasviðum í öllum Aurora-háskólunum









HÍ

# Nemendur á „Design Jam“ og með sterka rödd á ráðstefnunni

# Aurora R&I ræsfundur



# Fram undan

- Haustmisserispróf 2.-16. des.
- Breytingar á matskerfi taka gildi 1. jan.





# Viðurkenningar til starfsfólks

HÍ